

**Sp.**

**714. Fyrirspurn**

[389. mál]

til fjármálaráðherra um takmörkun yfirvinnu ríkisstarfsmanna.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvernig er staðið að takmörkun yfirvinnu og endurráðninga hjá ríkisstarfsmönnum til þess að ná fram 130 milljón króna lækkun launaútgjalda sem stefnt var að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986?
2. Hver var fjöldi yfirvinnustunda ríkisstarfsmanna frá 1. janúar til 15. mars 1986 borið saman við sama tímabil árið 1985 og hversu hátt var hlutfall yfirvinnu af föstum launum ríkisstarfsmanna á sama tíma borið saman við sama tímabil árið 1985?